



Okkar mál
*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellabær*



Reykjavíkurborg

Okkar mál

Áfangaskýrsla þróunarverkefnis



höf. skýrslu Helga Ágústsdóttir



Efnisyfirlit

<i>Inngangur</i>	3
<i>Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd</i>	4
<i>Samantekt</i>	12
<i>Greinargerð um notkun styrkfjár</i>	13
<i>Kynning</i>	14



Inngangur

Okkar mál er þróunarverkefni til fimm ára sem hefur það meginmarkmið að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu. Samstarfsaðilar í verkefninu eru Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Menntavísindasvið HÍ, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðholts. Styrkir úr þróunarsjóði Skóla- og frístundasviðs hafa auðveldað starf verkefnisins og stutt við skólaþróun í Fellahverfi.





Lýsing á verkefninu – skipulag, umfang og framkvæmd

Í leik- og grunnskólum Fellahverfis er mikill fjöldi nemenda af erlendum uppruna. Í hverfinu bjóðast einstakar aðstæður til skólaþróunar þar sem áskoranirnar eru jafn fjölbreyttar og þær eru margar.

Meginmarkmið verkefnisins er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu

Markmið Okkar máls voru sett í upphafi verkefnisins vorið 2012. Verkefnið hefur auk þess eftirfarandi markmið:


- að auka samstarf milli leikskólans Aspar, leikskólans Holts, Fellaskóla og frístundaheimilisins Vínafells í Fellaskóla
- að efla samstarf skóla- og frístundastarfs við þjónustumiðstöð Breiðholts með velferð barna og fjölskyldna að leiðarljósi
- að nýta tækifæri sem felast í samstarfi við stofnanir í nærsamfélaginu s.s. Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Borgarbókasafn, heilsugæslu, íþróttafélög og önnur félagasamtök
- að efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla
- að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi
- að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms
- að afrakstri verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af





Á fjórða starfsári verkefnisins var áfram unnið að þróun og dýpkun samstarfs. Vinna tengd fjölmennningarlegu skólastarfi og áætlanagerð gekk vel og reynsla fyrri ára nýttist í þá vinnu. Mörg verkefna Okkar máls eru orðin órjúfanlegur hluti af skólastarfi hverfisins. Gott dæmi um það er að eldri nemendur bíða í eftirvæntingu eftir því að röðin komi að þeim að fá að taka á móti og lesa fyrir leikskólabörnin.

Tímalína Okkar máls 2016-2017



Á tímalínunni gefur að líta þá viðburði sem nemendur eru beinir þátttakendur í og í aðalhlutverki. Heimsóknir milli skólastiganna eru áberandi. Bæði sækja leikskólabörnin grunnskólann heim, en grunnskólanemendurnir heimsækja einnig leikskólana.

¹ <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2016/07/Tímarammi-leik-og-grunn-2016-2017.pdf>
² <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/samstarfsaetlun2015.pdf>



Stýrihópur Okkar máls samanstendur af 1-2 fulltrúum allra starfsstöðva, Skóla- og frístundasviðs og Menntavísindsviðs Háskóla Íslands. Stýrihópur fundaði alls 7 sinnum veturinn 2015-2016. Hópurinn hefur sinnt stefnumótun, ákvarðanatöku, undirbúningi fyrir ýmsa sameiginlega starfsemi, mat á starfsemi verkefnisins og kynningarmálum. Fulltrúar í stýrihópi hafa séð um að kynna verkefnið á sinni starfsstöð og miðla upplýsingum um starfsemi vetrarins.

Verkefnastjórar frá leikskólunum Holti og Ösp, Fellaskóla funduðu alls 6 sinnum yfir veturinn. Fundarefni voru skipulag sameiginlegra verkefni, útskrifta og vorskóla ásamt skipulagsvinnu vegna næsta vetur. Verkefnastjórnir hafa séð um skipulag og umsjón heimsóknna milli leik og grunnskóla. Þeir hafa jafnframt og unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum er tengjast samstarfi, kynningarmálum, gerð læsisáætlana ásamt margvíslegum verkefnum á hverri starfsstöð. Þeim til ráðgjafar hafa verið deildarstjórar í leikskólunum, kennarar á yngsta stigi í Fellaskóla og þátttakendur í stýrihópi verkefnisins. Verkefnisstjórar unnu auk þess úr gögnum vetrarins að gerð sameiginlegri stefnu um fjölmennningarlegt foreldrasamstarf.

Áætlun um samstarf leikskóla og grunnskóla er í stöðugri þróun og var endurskoðuð á skólaárinu. Samstarfsáætlun næsta skólaárs er enn í drögum og verður ekki birt hér. Eins og síðustu ár fylgja samstarfsáætluninni ýmis konar gögn sem eru **tímarammi** fyrir samstarf leik- og grunnskóla skólaárið 2016-2017, **eyðublöð fyrir skráningar og mat** tengd samstarfi skólanna, skipulag **heimsóknna** kennara og grunnskólabarna í leikskólana, **form fyrir upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla**, upplýsingar um heimsóknir leikskólabarna í **frístundastarf** Fellaskóla, **lýsing á ferli útskriftar**, umfjöllun um skipulag og kynningar í **vorskóla** og söngbók Fellahverfis³.

Sameiginlegur starfsdagur Fellaskóla, leikskólans Aspar og leikskólans Holts var haldinn þann 9. október 2015.



³ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/06/söngbók-Fellahverfis.pdf>



Starfsdagurinn tileinkaður fjölmennningarlegu foreldrasamstarfi. Foreldrar barna frá Ösp, Holti og Fellaskóla stigu á svið og kynntu sýn sína á skólastarfið⁴. Að því loknu hélt Gunnlaug Thorlacius félagsráðgjafi af geðsviði Landspítalans erindi um tengsl barna og hvernig kennarar og starfsfólk geti betur mætt foreldrum í félagslegum erfiðleikum. Skipt var í umræðuhópa þvert á starfsstöðvar og fengu hóparnir þrjú umræðuefni með það fyrir augum að rýna í og ræða foreldrasamstarf skólanna.

1) Hvað gengur vel í foreldrasamstarfi skólanna?

2. Hvernig geta skólarnir þróað áfram hugmyndir foreldra?


3) Hvernig getum við sem fagfólk komið betur til móts við foreldrahópana okkar?

Rýnt var í niðurstöður hópavinnunnar og þær ræddar á stýrihópsfundum sem og á starfsdögum leikskólanna í febrúar. Grunnur var lagður að áætlunum um foreldrasamstarf hvernar starfsstöðvar fyrir sig og í framhaldinu var búin til **regnhlífarstefna um fjölmennningarlegt foreldrasamstarf** Okkar máls. Við gerð stefnunnar var litið sérstaklega til afraksturs sameiginlegs starfsdags, áætlana þátttökuskóla um fjölmennningarlegt foreldrasamstarf auk stefnu Skóla- og frístundaráðs um fjölmennningarlegt skólastarf *Heimurinn er hér*.

Regnhlífarstefnan verður lögð til lokaumræðu og samþykktar á næsta stýrihópsfundi í lok ágúst.

⁴ Sjá <https://vimeo.com/170601786>

Haldnir voru **skipulagðir samráðsfundir** deildarstjóra í leikskólunum og kennara á yngsta stigi í Fellaskóla. Þessi hópur hefur einnig átt aðra mikilvæga fundi, þróað og tekið þátt í gagnkvæmum heimsóknnum milli leikskólanna og grunnskólans. Gagnsemi þessa samráðs hefur verið mikil. Ekki síst hefur verið stuðlað að umræðu sem æskilegt er að fram fari á milli skólastiga og sú umræða hefur skilað inn nýjum hugmyndum og áherslum sem móta samstarfið.



Í verkefninu var frá upphafi lögð sérstök áhersla á **möguleika spjaldtölva í skólastarfi**. Reynslan úr starfinu sýnir meðal annars áhugaverða og fjölbreytta notkunarmöguleika í bæði grunn- og leikskólum tengda málrækt, menningu, upplýsingamiðlun og samstarfi.



Í byrjun vetrar tóku leikskólarnir á móti starfsfólki Vínafells og kynntu fyrir þeim möguleika borðspila í málörvun, leik og starfi.



Sameiginleg læsisstefna er í smíðum og mun reynslan af vinnunni tengdri sameiginlegri stefnu um fjölmennningarlegt foreldrasamstarf nýtast við undirbúning þess.

Samstarfsverkefni og heimsóknir milli skólastiganna settu svip sinn á starf vetrarins líkt og fyrri ár. Sérlega ánægjulegt var að fylgjast með 5. bekkingum taka á móti tilvonandi fyrstu bekkingum í vorskólanum og lesa fyrir nemendur. Þeir lögðu mikinn metnað og alúð í að gera lestrarstundina eins vel úr garði og unnt var fyrir tilvonandi fyrstu bekkinga. Sömu nemendur höfðu heimsótt leikskólana fyrr um haustið þar sem þeir tóku bækur á sínu eigin móðurmáli með sér og lásu upphátt með leikskólabörnunum. Tilvonandi 1. bekkingar þekkja nú þegar nemendur í vinabekkjum sínum og vita að þar eiga þau hark í horni löngu áður en skólaganga þeirra hefst.



Samantekt

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum hefur Okkar mál, samhliða fleiri öflugum verkefnum í Fellahverfi gert mikið fyrir skólastarf í hverfinu. Okkar mál hefur rammað inn samstarf skólanna, skólastiganna, frístundar og stofnana í hverfinu. Um leið og boðleiðir hafa opnast hafa samskipti aukist til muna. Fagaðilar hafa upplifað valdeflingu og faglega viðurkenningu á starfi sínu. Samvinna milli skólanna hefur einnig stuðlað að því að sérfræðinganet skólanna hefur stækkað samhliða því að fagaðilar upplifa samkennd og stuðning í starfi.

Úttekt Brynju Halldórsdóttur PhD frá 2015⁵ sýndi að fagaðilar beggja skólastiga gera sér grein fyrir mikilvægi þess að skilja reynslu barna sem eru að læra nýtt tungumál og byggðu starfið á skilning og virðingu fyrir heimamenningu nemenda með það í huga að börn og foreldrar sem eru að læra að fóta sig í nýrri menningu og aðstæðum sem gæti verið gjörólík þeirra fyrri reynslu af menningu og skólastarfi.

Fyrirkomulag verkefnisins var í meginatriðum það sama og síðustu ár. Á fjórða starfsári kom hins vegar í ljós ákveðinn veikleiki í fyrirkomulagi verkefnisins þegar tengiliður og lykilaðili einnar starfsstöðvar lenti í veikindum og forfallaðist ítrekað. Þá kom í ljós hversu ómissandi sá aðili var fyrir verkefnið og hversu mikilvægt það er að á hverri starfsstöð sé teymi og að öll ábyrgð eða vinna hvíli ekki á höndum eins aðila. Ljóst er að stærsta áskorun næsta vetrar verður að gera verkefnið sjálfbært.

⁵ http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/Skyrsla_15052015BH.pdf



Mat á verkefninu

Lokaúttekt á verkefninu er fyrirhuguð starfsárið 2016-2017 og mun Brynja Halldórsdóttir PhD og lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands stýra því verkefni í samvinnu við stýrihóp.



Greinargerð um notkun styrkfjár

Starfsstöðvar eru sjálfstæðar í ráðstöfun styrkfjár verkefnisins, enda eru þarfir skólanna og áherslur afar ólíkar þrátt fyrir að allir stefni að sama markmiði undir merkjum Okkar máls. Skipting styrkfjár er eftirfarandi. Fellaskóli 22%, Holt 24%, Ösp 20% og ÞB ásamt HÍ ráðstafa 34% styrkfjárins en inni í þeirri prósentutölu eru öll laun vegna aðkomu Háskóla Íslands.


Fjármálauppgjör hefur miðast við almanaksár en starfsár verkefnisins eru skólaár. Af því leiðir að síðari hluti 2016 eru áætlaðar tölur, ekki endanlegar. Þó má sjá ákveðna þróun í nýtingu styrkfjár í neðangreindri töflu. Ath. að stjörnumerkt eru áætlaðar tölur.

	2012	2013	2014	2015	2016*	2017*	2012-2017*
Starfsdagar	24,73%	18,18%	29,56%	47,31%	31,87%	0,00%	24,47%
Laun	0,00%	40,66%	16,87%	15,53%	27,31%	35,61%	28,40%
Ráðgjöf	0,00%	21,09%	0,12%	18,49%	18,21%	32,64%	18,56%
Efniskaup	0,00%	12,19%	21,79%	11,41%	6,83%	7,72%	11,43%
Kynning	0,00%	0,00%	25,82%	0,00%	6,83%	17,80%	9,36%
Námskeið	0,00%	5,27%	4,75%	7,25%	8,04%	5,93%	6,26%
Fundir	75,27%	2,62%	1,10%	0,00%	0,91%	0,30%	1,52%

Stærsti kostnaðarliðurinn eru sameiginlegu starfsdagarnir þar sem aðkeypt fræðsla er stærsti útgjaldaliðurinn. Launakostnaður er mjög misjafn milli ára og skera 2014 og 2017 sig frá hinum árunum. Mannabreytingar árið 2014 höfðu áhrif á nýtingu styrkfjár og árið 2017 eru fyrirhugaðar launagreiðslur til sérfræðinga HÍ vegna lokaúttektar á verkefninu.

Nýting styrkfjár Okkar máls árið 2015*

■ starfsdagur ■ laun ■ ráðgjöf ■ efniskaup ■ kynning ■ námskeið/fræðsla ■ fundir



Kynning

Fulltrúar í stýrihópi eru ábyrgir fyrir því að kynna verkefnið fyrir starfsfólki sinnar starfsstöðvar. Allt starfsfólk skólanna tekur þátt í sameiginlegum starfsdegi á hverju ári og því er starfsfólk mjög meðvitað um verkefnið og viðfangsefni þess. Næsti sameiginlegi starfsdagur er fyrirhugaður 2. desember 2016.

Okkar mál heldur úti heimasíðu þar sem helstu fréttir af verkefninu birtast. Heimasíðuna er að finna á:

www.tungumalatorg.is/okkarmal

Sú heimasíða er hönnuð með fréttaveitu í huga en á næsta og síðasta starfsári verkefnisins verður síðunni breytt með það fyrir augum að hún þjóni nýju hlutverki, ekki lengur sem fréttaveita heldur verkfærakassi Okkar máls, aðgengilegur öllum.

Í kjölfar lokaúttektar á verkefninu er fyrirhuguð nokkuð viðamikil kynning þar sem lokaúttekt Menntavísindasviðs Háskóla Íslands verður kynnt, breytt heimasíða opnuð og verkefninu formlega lokið.

Reykjavík, 8. júlí 2016

f.h. Okkar máls

Helga Ágústsdóttir

kennsluráðgjafi og verkefnisstjóri Okkar máls